

Sp.

1047. Skýrsla

[434. mál]

fjármálaráðherra um ríkisfjármál og framkvæmd lánsfjáráætlunar 1986.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. Afkoma ríkissjóðs, yfirlit.

Tilgangur þessarar skýrslu er tvíþættur. Annars vegar að draga fram meginþætti ríkisfjármálanna á árinu 1986 samkvæmt niðurstöðutölum ríkisbókhalds um afkomu ríkissjóðs á greiðslugrunni. Hins vegar að sýna framkvæmd lánsfjáráætlunar ársins í ljósi bráðabirgðatalna um lántökur opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja.

Árið 1986 einkenndist af miklum umskiptum í ríkisfjármálum. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var stefnt að 163 m.kr. tekjuafgangi og 4.606 m.kr. lánsfjárbörf hjá ríkissjóði. Snemma árs voru ríkisfjármál og lánsfjármál tekin til gagnerrar endurskoðunar í kjölfar almennra kjarasamninga í landinu. Í framhaldi af því voru samþykkt lög nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986. Með þeim aðgerðum ákvað ríkisstjórn og Alþingi að leggja sitt af mörkum til að ná fram hóflegum kjarasamningum og verðlagsmarkmiðum á kostnað lakari afkomu ríkissjóðs. Í hnotskurn komu áhrif þessa fram í því að í stað tekjuafgangs voru nú horfur á 1.486 m.kr. tekjuhalla og 6.105 m.kr. lánsfjárbörf hjá ríkissjóði. Er líða tók á árið 1986 þótti sýnt að stefndi í enn meiri halla á ríkissjóði en gert hafði verið ráð fyrir og á það sér margþættar skýringar.

Í þessari skýrslu verður lögð áhersla á að sýna og skýra frávik niðurstöðutalna ársins 1986 frá fyrri áætlunum um afkomuna. Niðurstöðutölur ríkisbókhalds lágu fyrir um miðjan janúar og byggir það uppgjör í meginráttum á greiðslugrunni. Niðurstöður um afkomu ríkissjóðs hér eru í samræmi við uppgjör ríkisbókhalds að undanskilinni framsetningu á lánabreytingum og viðskiptareikningum innbyrðis. Þetta raskar þó ekki meginniðurstöðum skýrslunnar. Endanlegur ríkisreikningur, sem byggir á rekstrargrunni, verður frábrugðinn meðal annars að því leyti að þar er tekið tillit til óinntra uppgjöra í árslok. Hins vegar eru fjárlög ávallt á greiðslugrunni og gefur samanburður þeirra við niðurstöður ríkisbókhalds á sama grunni því raunhæfa viðmiðun.

Niðurstöður um afkomu ríkissjóðs á árinu 1986 sýna verulegan rekstrar- og greiðsluhalla. Yfirlitið hér að neðan sýnir áætlun um afkomu ríkissjóðs á mismunandi stigum samanborið við niðurstöður ársins (m.kr.):

Yfirlit I

Heildaryfirlit um afkomu ríkissjóðs 1986

	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Endurskoðuð áætlun í sept- ember 1986	Útkoma 1986
1. Tekjur	37.854	35.344	37.000	38.235
2. Gjöld	37.691	36.830	39.177	40.111
3. Tekjuafgangur/halli (1—2)	+163	−1.486	−2.177	−1.876
4. Lánahreyfingar, nettó (Seðlabanki meðtalinn) ..	+1.031	+2.656	+3.327	+3.565
5. Viðskiptareikningar, nettó	−1.150	−1.150	−1.150	−964
6. Greiðsluafgangur/halli (3+4+5)	+44	+20	—	+725

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Yfirlitið sýnir nokkur frávik milli áætlana og niðurstöðutalna um afkomu ríkissjóðs. Þannig reyndist tekjuhallinn nokkru meiri en fyrir séð var við afgreiðslu ríkisfjármála í mars, en ívið hagstæðari en útlit var fyrir í september. Niðurstöðutölur um afkomu ríkissjóðs á árinu 1986 sýna 1.876 m.kr. halla eða sem jafngildir 1,3% af vergri landsframleiðslu þess árs. Á hinn bóginn var greiðsluafgangur ríkissjóðs 725 m.kr. eða um 0,5% af vergri landsframleiðslu.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs gagnvart bankakerfi og Seðlabanka gefur ákveðna vísbendingu um efnahagsleg áhrif ríkisfjármálanna á hagkerfið. Eftirfarandi yfirlit sýnir greiðsluafkomuna á árinu 1986 (m.kr.):

Yfirlit II

Greiðsluafkoma ríkissjóðs 1986

	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Endurskoðuð áætlun í sept- ember 1986	Útkoma 1986
6. Greiðsluafgangur/halli	+44	+20	—	+725
7. Afborganir af lánum í Seðlabanka	833	833	833	2.586
8. Viðskiptareikningar í Seðlabanka	860	860	860	—
9. – Lántaka í Seðlabanka	—	—	—	−276
10. Greiðsluhreyfing gagnvart bankakerfinu (6+...+9)	+1.737	+1.713	+1.693	+3.035
11. – Hreyfing bankareikninga utan Seðlabanka ..	—	—	—	−208
12. Greiðsluhreyfing við Seðlabanka (10+11)	+1.737	+1.713	+1.693	+2.827

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

2. Ríkisfjármál.

Ríkisfjármál tóku verulegum breytingum á árinu 1986 frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir í fjárlögum. Ástæður þessa felast einkum í fjármálaaðgerðum í mars sem miðuðu að því að greiða fyrir kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins. Af þessari ástæðu voru allar verðlags- og launaforsendur fjárlaga ársins endurskoðaðar. Í desember 1986 voru að nýju gerðir kjarasamningar margra aðila, sem einnig fólu í sér umtalsverðar ríkisfjármálaaðgerðir, en áhrifa þeirra gætir fyrst og fremst á árinu 1987.

Samhliða gerð kjarasamninga í febrúar 1986 voru ákveðnar ýmsar aðgerðir sem m. a. höfðu áhrif á fjárhag ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja. Þessar ráðstafanir voru staðfestar með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986.

Samkvæmt lögnum var fjármálaráðherra m. a. heimilað að lækka ríkisútgjöld um 860 m.kr. og tekjur ríkissjóðs um 2.510 m.kr. Þá voru heimilaðar auknar innlendar lántökur til þess að fjármagna halla ríkissjóðs.

Helstu breytingar á tekjuhlíð voru þær að verðjöfnunargjald af raforku var lagt af. Lækkaði það tekjuáætlun ríkissjóðs um 330 m.kr. og kom jafnframt í veg fyrir hækkun raforkuverðs frá rafveitum. Tollar af bifreiðum og ýmsum heimilistækjum voru lækkaðir um sem nemur 580 m.kr. og launaskattur í fiskiðnaði var lækkaður um 250 m.kr. Þá lækkaði áætlaður tekjuskattur um 150 m.kr. og innflutningsgjald af bensíni um 150 m.kr. Almenn lækking tekna vegna breyttra verðlagsforsendna nam síðan 1.050 m.kr. Á gjaldahlið fjárlaga var sú efnisbreyting helst gerð að niðurgreiðslur á vöruverði voru hækkaðar um 220 m.kr. til þess að draga úr hækkun á söliverði búvara. Þá lækkuðu útgjöld um 860 m.kr. vegna breytingar á launa- og verðlagsforsendum.

Forsendur fjárlaga, að kjarasamningunum gerðum, voru m. a. þær að laun hækkðu um 14—15% frá upphafi árs til loka 1986. Í reynd hækkðu laun nokkru meira eða um 28—30% hjá opinberum starfsmönnum í heild. Einstakir hópar þeirra hækkðu þó ívið meira, svo sem lögreglumenn og kennarar. Þessi hækkun launa jók launaútgjöld ríkissjóðs um verulegar fjárhæðir auk ýmissa útgjalda sem launaþróun tengjast. Við gerð kjarasamninganna var gengið út frá því að almennt verðlag innan lands hækkaði um 8—9% frá upphafi til loka árs. Í raun varð hækkun á verðlagi um 13% á mælikvarða framfærsluvisitölu.

Kjarasamningar og almenn verðlags- og gengisþróun er hvort tveggja ávallt mjög móttandi um fjárhag ríkissjóðs. Frávik fjárlaga og ríkisreiknings ber þessa því mjög merki. Þessu til viðbótar er ávallt um nokkur útgjöld að ræða vegna skuldbindinga sem ekki verður komist hjá.

Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingar helstu vísitalna 1985—86 eins og þær urðu í raun samanborið við forsendur fjárlaga:

Yfirlit III Hækkun launa, verðlags og gengis 1985—1986

	Meðalhækkun milli ára			Hækkun frá ársbyrjun til ársloka		
	Fjárlög 1986,		Útkoma 1986	Fjárlög 1986,		Útkoma 1986
	Fjárlög 1986	sbr. lög nr. 3/1986		Fjárlög 1986	sbr. lög nr. 3/1986	
1. Framfærsluvisitala	28,0	21,0	21,4	22,0	8,0	13,0
2. Byggingarvisitala	28,0	24,0	25,4	20,0	12,0	17,0
3. Lánskjarvisitala	29,5	24,0	24,6	21,5	11,0	15,0
4. Kauptaxtar opinberra starfsmanna ..	27,0	25,2	32,7	21,5	13,8	29,7
5. Meðalverð erlends gjaldeyris	21,5	16,0	17,9	18,0	4,0	7,5

Heimild: Þjóðhagsstofnun, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

2.1 Tekjuhlíð ríkissjóðs.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1986 námu alls 38.235 m.kr. samanborið við 27.110 m.kr. á árinu 1985. Hækkun milli ára nemur rúmlega 41%. Vegna breytingar á skilgreiningu ríkissjóðs eru fjárhæðirnar ekki fyllilega sambærilegar. Séu vaxtatekjur ríkissjóðs bæði árin dregnar frá sést að innheimtar tekjur ríkissjóðs vaxa um tæplega 34% milli ára. Þessi hækkun er eilítið lægri en hækkun atvinnutekna og ráðstöfunartekna á mann á sama tímabili. Hækkun framfærsluvisitölu var hins vegar mun minni milli árána 1985 og 1986 eða 21,4%. Eftirfarandi yfirlit sýnir innheimtu á helstu tekjuhlíðum ríkissjóðs á árunum 1985 og 1986 (í m.kr.):

	Í milljónum króna		Hlutfallsleg samsetning	
	Innheimt 1985	Innheimt 1986	Innheimt 1985	Innheimt 1986
1. Tekjuskattar	2.311	4.308	8,5	11,3
2. Eignaskattar	678	810	2,5	2,1
3. Tolltekjur	4.268	5.031	15,7	13,2
4. Veltuskattar	14.073	18.903	51,9	49,4
5. Skattar af launagreiðslum	2.019	2.683	7,5	7,0
6. Aðrar tekjur	3.761	6.500	13,9	17,0
7. Heildartekjur (1+...+6)	27.110	38.235	100,0	100,0

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Í september 1986 var gert ráð fyrir að tekjur ársins yrðu 37.000 m.kr. en í reynd urðu þær rúmlega 3% hærri. Pennan mismun má einkum rekja til heldur meiri veltu- og verðbreytinga seinni hluta árs 1986 en ráð var fyrir gert. Þá benda bráðabirgðatölur einnig til þess að innheimtuhlutfall beinna skatta hafi hækkað örlítið á síðustu mánuðum ársins.

Með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, voru gerðar umtalsverðar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs frá því sem áætlað var í fjárlögum. Skatthlutföll tekjuskatts voru lækkuð, tollar á bifreiðum, ýmsum heimilistækjum og matvörum, hjólbörðum og slöngum lækkaðir verulega og gúmmígjald fellt niður. Þá var launaskattur lækkaður og verðjöfnunargjald af raforku fellt niður. Þessar aðgerðir ásamt breytingum á verðlags- og gengisforsendum við gerð kjarasamninganna í febrúar 1986 þýddu að áætlaðar tekjur ríkissjóðs á árinu 1986 lækkuðu úr 37.854 m.kr. í fjárlögum í 35.344 m.kr. Endanlegar tekjur ríkissjóðs reyndust 38.235 m.kr. á árinu 1986.

Hækkun innheimtra tekna ríkissjóðs umfram áætlun eftir aðgerðir í ríkisfjármálum í mars 1986 má einkum rekja til eftirfarandi þátta:

1. Launabreytingar milli árana 1984 og 1985 urðu mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir þegar frádráttarliðir og mörk skattþrepa vegna álagningar tekjuskatts á árinu 1986 voru ákveðin. Þetta misgengi hafði í för með sér að innheimtur tekjuskattur á árinu 1986 varð hærri en áætlað hafði verið. Í febrúar var áætlað að tekjuskattar yrðu 8,7% af tekjum ríkissjóðs en í reynd varð hlutfallið 11,3%.

Launabreytingar á árinu 1986 urðu einnig meiri en áætlað hafði verið og það hafði m.a. þau áhrif að innheimtur launaskattur varð 150 m.kr. eða 10,9% hærri en áætlað var við aðgerðirnar í mars.

2. Tollalækkun í febrúar ásamt auknum kaupmætti almennings og aukinni veltu síðari hluta ársins 1986 leiddi til hærri tekna ríkissjóðs af innflutningi en ráð var fyrir gert. Sem dæmi um aukinn innflutning má nefna að árið 1985 voru 7.167 bifreiðar fluttar til landsins en 15.851 árið 1986. Tolltekjur urðu um 326 m.kr. hærri en áætlað var í mars og tekjur af veltusköttum urðu 764 m.kr. hærri en áætlað var.

Í töflu 1 í töfluviðauka er sýnd skipting á innheimtum tekjum ríkissjóðs 1985 og 1986. Einstakir tekjuliðir hækka mismikið milli ára. Þannig hækkar t.d. liðurinn arðgreiðslur, vextir o.fl. um 211% og verður 8,4% af tekjum ríkissjóðs 1986 en var 3,8% árið 1985. Hér skiptir mestu máli breyting á skilgreiningu ríkissjóðs sem þýðir að vaxtatekjur vegna endurlána ríkissjóðs teljast nú með tekjum hans. Beinir skattar hækka um 68% milli ára sem er mun meira en launa- og verðlagsbreytingar á sama tíma, eins og þegar hefur verið minnst á. Á árinu 1986 voru beinir skattar 14,5% af tekjum ríkissjóðs samanborið við 12,1% 1985.

Hlutur óbeinna skatta lækkar úr 84,1% af tekjum ríkissjóðs á árinu 1985 í 77,1%. Þar skiptir mestu máli tollalækkun í mars og niðurfelling verðjöfnunargjalds af raforku.

Ekki þykir ástæða til að fjalla frekar um tekjur ríkissjóðs en vísað er í yfirlit IV hér í þessum kafla, sem sýnir skiptingu tekna ríkissjóðs á árunum 1985 og 1986 á helstu tekjustofna, töflu 1 í töfluviðauka, þar sem tekjur ríkissjóðs 1985 og 1986 eru sundurliðaðar enn frekar, og töflu 2, þar sem tekjur ríkissjóðs 1982-1986 eru sýndar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

2.2 Gjaldahlið ríkissjóðs.

Útgjöld ríkissjóðs námu alls 40.111 m.kr. á árinu 1986 samanborið við 29.497 m.kr. 1985. Hækkun milli ára er 36%. Sé hins vegar tekið tillit til breyttrar skilgreiningar ríkissjóðs og vaxtagjöld bæði árin dregin frá hækka útgjöld um 29,8% á sama tímabili. Samanborið við 21,4% hækkun framfærsluvísitölu milli ára þýðir þetta að útgjöld ríkissjóðs hafi aukist um tæp 7% að raungildi.

Þegar fjárlög fyrir árið 1986 voru afgreidd í desember 1985 var áætlað að útgjöld ríkissjóðs yrðu 37.691 m.kr. Við endurskoðun ríkisfjármála í mars var þessi fjárhæð lækkuð í 36.830 m.kr. eða um 861 m.kr. Breytingar á launa-, verðlags- og gengisförsendum fjárlaganna leiddu til 1.081 m.kr. lækkunar útgjalda en á móti kom 220 m.kr. hækkun á niðurgreiðslum á vöruverði. Í septemberáætlun um ríkisfjármál voru útgjöld ríkissjóðs á árinu 1986 áætluð 39.177 m.kr. eða 6,4% hærri en í áætlun í mars 1986. Af þessari hækkun voru um 640 m.kr. raktar til áhrifa Kjaradóms og sérkjarasamninga vorið 1986. Almennar kauphækkningar umfram försendur fjárlaga leiddu svo til um 500 m.kr. hækkunar bóta almannatrygginga og útgjalda sjúkratrygginga. Þá var ákveðið að greiða niður verð á áburði og draga þannig úr verðhækkun á búvöru. Þetta kostaði ríkissjóð 171 m.kr. Útsala á kindakjöti í ágúst og september leiddi til 81 m.kr. hækkunar útgjalda. Af öðrum stórum liðum má nefna 258 m.kr. hækkun á framlagi til Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Hækkun útgjalda 1986 um 934 m.kr. frá septemberáætlun til niðurstöðu ársins má annars vegar rekja til ófyrirséðrar kauphækkunar um 2,09% 1. desember, hækkunar bóta almannatrygginga og meiri verðlagshækkana síðustu mánuði ársins en ráð var fyrir gert. Þannig hækkuðu launagjöld ríkissjóðs um 472 m.kr. frá septemberáætlun og útgjöld vegna lífeyrstrygginga um 154 m.kr. Einnig má nefna að vaxtagjöld ríkissjóðs urðu 226 m.kr. hærri en áætlað var í september. Hins vegar koma til aukin útgjöld tengd sérstökum ákvörðunum stjórnvalda. Sem dæmi má nefna hækkun útflutningsuppbóta um 24 m.kr. og niðurgreiðslna á vöruverði um 123 m.kr. Á móti þessum hækkunum kemur hins vegar ógreitt framlag til Byggingarsjóðs ríkisins að fjárhæð 463 m.kr. og rúmlega 130 m.kr. minni útgjöld vegna sjúkratrygginga en áætlað var í september. Eftirfarandi yfirlit sýnir í hnotskurn samanburð á mismunandi áætlunum ársins 1986 og lokaniðurstöður (í m.kr.):

	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Endurskoðuð áætlun í sept- ember 1986	Útkoma 1986
1. Rekstrarliðir:	11.738	11.411	12.553	13.373
Laun	9.049	8.846	9.486	9.958
Önnur gjöld	3.820	3.647	4.152	4.665
– Sértekjur	–1.131	–1.082	–1.085	–1.250
2. Rekstrar- og neyslutilfærslur:	16.272	16.155	17.220	17.405
Lífeyrstryggingar	4.813	4.717	4.881	5.035
Sjúkratryggingar	4.944	4.798	5.005	4.874
Niðurgreiðslur á vöruverði	870	1.090	1.220	1.343
Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna ..	865	865	1.123	1.072
Endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi	600	600	654	654
Útflutningsuppbætur	720	720	720	744
Framlag til Áburðarverksmiðju ríkisins	—	—	171	171
Verðjöfnunargjald af raforku	440	405	405	408
Niðurgreiðsla á rafhitun	220	220	220	204
Annað	2.800	2.740	2.821	2.900
3. Vaxtagjöld:	3.807	3.550	3.690	3.916
4. Viðhald:	1.003	962	962	946
Vegagerð ríkisins	850	816	816	816
Annað	153	146	146	130
5. Fjárfesting:	4.871	4.752	4.752	4.471
Stofnkostnaður	1.857	1.776	1.776	1.958
Fjármagnstilfærslur	3.014	2.976	2.976	2.513
6. Heildargjöld (1+...+5)	37.691	36.830	39.177	40.111

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Ekki þykir ástæða til að fjalla frekar um breytingar á áætlunum um útgjöld ríkissjóðs og raunverulega útkomu ársins heldur vísast til yfirlits V. Hækkun gjaldaliðar ríkissjóðs frá heimildum skv. lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl., hefur verið afgreidd með aukafjárveitingum samkvæmt venju.

Í töflu 3 í töfluviðauka kemur fram skipting útgjalda ríkissjóðs 1985 og 1986 eftir málaflokkum. Að hækkun vaxta frátaldri hækka útgjöld til heilbrigðismála mest milli ára eða um 41%. Útgjöld til atvinnamála hækka minna eða um 23% milli ára, þar af hækka útgjöld til iðnaðar- og orkumála um 18%. Þessa litlu hækkun má rekja til þess að niðurgreiðsla á rafhitun og verðjöfnunargjald af raforku standa nánast í stað milli ára.

Sé lítið á útgjöld ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (tafla 4 í töfluviðauka) kemur í ljós að hlutfallið hefur vaxið úr 26,6% 1985 í 27,3% 1986. Hér skiptir mestu máli að hlutur vaxta og ýmissa smárra útgjaldaliða eykst úr 2,0% 1985 í 3,2% 1986 vegna breytingar á skilgreiningu ríkissjóðs. Annars breytast útgjöld til einstakra málaflokka lítið milli ára nema atvinnumála. Hlutfall útgjalda til atvinnumála lækkar úr 6,2% 1985 í 5,8% 1986. Reyndar hefur hlutur þessa málaflokks farið sífellt minnkandi frá 1982 en þá voru útgjöld til hans 6,9% af vergri landsframleiðslu. Munar hér langmest um að hlutur niðurgreiðslna á vöruverði hefur minnkað úr 2,2% af vergri landsframleiðslu 1982 í 0,9% 1986.

2.3. Lánsfjárförð ríkissjóðs.

Fram hefur komið að tekjuhalli ríkissjóðs reyndist nokkru meiri en búist var við eftir ráðstafanirnar sem gerðar voru í kjölfar almennu kjarasamninganna í febrúar 1986. Hins vegar reyndist hallinn um 301 m.kr. lægri en endurskoðuð áætlun ríkisfjármála frá í september gaf til kynna. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð mismunandi áætlana fyrir árið 1986 við útkomu þess (m.kr.):

Yfirlit VI

Afkoma ríkissjóðs 1986

	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Endurskoðuð áætlun í sept- ember 1986	Útkoma 1986
1. Tekjur	37.854	35.344	37.000	38.235
2. Gjöld	37.691	36.830	39.177	40.111
3. Tekjuafgangur/halli (1-2)	+163	-1.486	-2.177	-1.876
4. Veitt lán, nettó	886	886	842	322
5. Hlutfé og stofnframlög	-100	-100	-100	-89
6. Viðskiptareikningar, nettó	-1.150	-1.150	-1.150	-964
7. Lánsfjárförð ríkissjóðs, nettó (3+ ... +6)	-201	-1.850	-2.585	-2.607
8. Afborganir af teknum lánnum	-4.405	-4.255	-4.255	-5.565
9. Lánsfjárförð ríkissjóðs, brúttó (7+8)	-4.606	-6.105	-6.840	-8.172
10. Tekin lán, brúttó	4.650	6.125	6.840	8.897
11. Greiðsluafgangur/halli (9+10)	+44	+20	0	+725

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tekju- og gjaldahlíð ríkissjóðs hafa verið gerð skil hér að framan og vísast til þeirrar umfjöllunar. Þar var þess lauslega getið að vaxtatekjur og vaxtagjöld milli árana 1985 og 1986 væru ekki sambærilegar. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1986 var breytt skilgreiningu ríkissjóðs í samræmi við lög nr. 84/1985, um breyting á lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Fjárlögum er nú ætlað að lýsa umsvifum ríkissjóðs með gleggri hætti en verið hefur og tengja saman umfjöllun um tekjur, útgöld og lánsfjármál ríkissjóðs og annarra aðila. Áhrifin koma einkum fram í lánahlíð og sýna raunverulegt umfang hennar, þar sem ríkissjóður er umsvifamikill lántaki annars vegar og lánveitandi hins vegar. Hér á eftir mun athyglinni beint að lánahreyfingum og öðrum eignahreyfingum ríkissjóðs á árinu 1986.

Veitt lán, nettó. Við endurskoðun ríkisfjármála í september 1986 var innstreymi umfram útstreymi á veittum lánnum ríkissjóðs áætlað 842 m.kr. Útkoman sýnir hins vegar nokkru minna nettóinnstreymi á þessum reikningum eða 322 m.kr. eins og eftirfarandi yfirlit sýnir (m.kr.):

	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Endurskoðuð áætlun í sept- ember 1986	Útkoma 1986
1. Innheimtar afborganir	1.846	1.846	1.846	1.815
2. – Veitt ný lán	–960	–960	–1.004	–1.493
3. Veitt lán, nettó (1+2)	+886	+886	+842	+322

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Frávikin skýrast einkum af meiri lánveitingum en ráðgert var í áætlunum. Af stórum lánum sem ríkissjóður hafði milligöngu um á árinu 1986 má nefna eftirfarandi: Lánasjóður íslenskra námsmanna 400 m.kr., flugstöð á Keflavíkurflugvelli 300 m.kr., Byggingarsjóður ríkisins 150 m.kr., Rafmagnsveitur ríkisins 90 m.kr., Orkusjóður 20 m.kr., Orkubú Vestfjarða 20 m.kr., Sjóefnavinnslan hf. 101 m.kr. og hitaveitur 22 m.kr. Þá veitti ríkissjóður Landsvirkjun 120 m.kr. lán í tengslum við kaup fyrirtækisins á Jarðvarmaveitum ríkisins og Jarðborunum hf. var veitt 41 m.kr. lán í tengslum við yfirtöku á eignum Jarðborana ríkisins.

Hlutfjár- og stofnframlög. Í áætlunum var ráðgert að verja 100 m.kr. í þessu skyni á árinu 1986. Framvindan reyndist sú að hreint útstreymi á þessum reikningum var 89 m.kr. Ný hlutfjár- og stofnframlög reyndust alls 116,6 m.kr. og skiptust þannig: 1) Próunarfélag Íslands hf. 25 m.kr., 2) Steinullarverksmiðjan hf. 10 m.kr., 3) Kísilmálmvinnslan 3,8 m.kr., 4) Útvegsbanki Íslands 7,5 m.kr., 5) Áburðarverksmiðja ríkisins 20,3 m.kr., 6) Alþjóða-bankinn og IDA 39,3 m.kr., 7) Norræni fjárfestingarbankinn 5,1 m.kr., 8) Orkustofnun erlendis hf. 5,6 m.kr. Hins vegar nam sala ríkissjóðs á hlutabréfum alls 28,1 m.kr., þ.e. Iðnaðarbankinn hf. 10,2 m.kr., Norðurstjarnan hf. 16,7 m.kr. og Hraðbraut hf. 1,2 m.kr.

Viðskiptareikningar, nettó. Í áætlunum fyrir árið 1986 var gert ráð fyrir 1.150 m.kr. útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningum ríkissjóðs. Niðurstöðutölur ársins sýna hins vegar 964 m.kr. nettóútstreymi á þessum reikningum eða 186 m.kr. lægri fjárhæð en áætlað var.

Tekin lán, nettó. Niðurstöður ársins sýna að nýjar lántökur umfram afborganir af teknum lánum námu 3.332 m.kr. Heildarlántökur urðu 8.897 m.kr., þar af voru teknar 276 m.kr. að láni hjá Seðlabanka, 3.617 m.kr. hjá ýmsum innlendum aðilum og 5.004 m.kr. erlendis. Afborganir námu alls 5.565 m.kr., þar af runnu 2.586 m.kr. til Seðlabanka, 1.731 m.kr. til annarra innlendra aðila og 1.248 m.kr. til útlanda. Eftirfarandi yfirlit sýnir lántökur og afborganir ríkissjóðs á árinu 1986 (m.kr.):

	Fjárlög 1986	Fjárlög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Endurskoðuð áætlun í sept- ember 1986	Útkoma 1986
1. Lántökur utan Seðlabanka, nettó:	1.120	2.703	3.418	5.642
1.1 Sala spariskírteina	2.100	2.100	2.100	2.127
1.2 Skuldabréfakaup lífeyrissjóða	—	625	625	782
1.3 Verðbréfakaup bankakerfisins	—	850	850	574
1.4 Aðrar innlendar lántökur	—	—	—	134
1.5 Erlendar lántökur	2.550	2.550	3.265	5.004
1.6 – Innlausn spariskírteina	-1.720	-1.720	-1.720	-1.274
1.7 – Afborganir af öðrum innlendum lánum ..	-460	-352	-352	-457
1.8 – Afborganir af erlendum lánum	-1.350	-1.350	-1.350	-1.248
2. Lántökur í Seðlabanka, nettó:	-875	-833	-833	-2.310
2.1 Tekin ný lán	—	—	—	276
2.2 – Afborganir	-875	-833	-833	-2.586
3. Tekin lán, nettó (1+2)	245	1.870	2.585	3.332

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Áætlanir ársins um fjáröflun með sölu spariskírteina gengu nokkurn veginn eftir. Þá var innlausn spariskírteina áætluð 1.720 m.kr., en hún reyndist 1.721 m.kr., þar af voru um 447 m.kr. vegna vaxta og verðbóta. Verðbréfakaup bankakerfisins af ríkissjóði reyndust 276 m.kr. lægri en þau voru áætluð og var sá mismunur brúaður með samsvarandi skuldabréfakaupum Seðlabanka. Skuldabréfakaup lífeyrissjóða reyndust 157 m.kr. hærrí en ráðgert var. Þá nam önnur innlend lánsfjáröflun 134 m.kr. og skýrist einkum af lántökum í tengslum við eignakaup ríkissjóðs.

Fram hefur komið að erlendar lántökur reyndust 5.004 m.kr. á árinu 1986 eða 1.759 m.kr. hærrí en áætlunin í september sýndi. Mismunurinn skýrist af 1.677 m.kr. greiðslu skammtímaláns í Seðlabanka frá fyrra ári sem var tekið til að fjármagna tímabundið greiðsluhalla ríkissjóðs. Í 31. gr. lánsfjárlaga 1986 var veitt heimild til að taka erlent lán í þessu skyni. Þá hafði ríkissjóður milligöngu um erlendar lántökur að fjárhæð alls 42 m.kr. fyrir Orkubú Vestfjarða og nokkrar hitaveitaveitur, eins og fram hefur komið.

Í töflu 9 í töfluviðauka kemur fram að lántökuheimildir ríkissjóðs á árinu 1986 námu alls 8.629 m.kr., þar af námu heimildir í lánsfjárlögum 1986, sbr. lög nr. 3/1986, alls 6.125 m.kr. og aðrar heimildir 2.504 m.kr. Þar kemur einnig fram að innlendar lántökur reyndust 184 m.kr. hærrí en skráðar heimildir og erlendar lántökur 42 m.kr. hærrí, en sá mismunur skýrist af gengismun.

Greiðsluafgangur/halli. Lokaniðurstöður ársins sýna 725 m.kr. greiðsluafgang hjá ríkissjóði á árinu 1986. Afgangurinn kemur fram í 517 m.kr. bættri stöðu á viðskiptareikningum í Seðlabanka og 208 m.kr. aukningu á innstæðum hjá öðrum.

3. Framkvæmd lánsfjáráætlunar.

Í þessum kafla er gerð sérstök grein fyrir innlendra og erlendra lánsfjáröflun og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingalánasjóða og atvinnufyrirtækja á árinu 1986. Eftirfarandi yfirlit gefur heildarmynd af lántökum þessara aðila (í m.kr.):

Yfirlit IX Yfirlit um innlenda og erlenda lánsfjárráðstöfun 1986 eftir upprunalegum lántakendum

	Sala spari- skírteina	Verðbréfa- kaup bankakerfis	Verðbréfa- kaup líf.sjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar lántökur
1. Opinberir aðilar	2.127	574	782	511	3.994	5.656	9.650
Ríkissjóður, A-hluti	2.127	574	782	410 ¹⁾	3.893	5.004 ²⁾	8.897
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissj. Sveitarfélög	—	—	—	101	101	530 122 ⁴⁾	631 122
2. Húsbýggingarsjóðir	—	—	2.310	22	2.332	—	2.332
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	1.730	22	1.752	—	1.752
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	580	—	580	—	580
3. Lánastofnanir	—	315	202	—	517	1.791	2.308
Framkvæmdasjóður	—	315	9	—	324	1.360 ³⁾	1.684
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	193	—	193	—	193
Íðnþróunarsjóður	—	—	—	—	—	93	93
Byggðastofnun	—	—	—	—	—	338	338
4. Atvinnufyrirtæki	—	—	—	—	—	4.109	4.109
Heildarlántökur (1+...+4)	2.127	889	3.294	533	6.843	11.556	18.399

- 1) Þar af nam lántaka hjá Seðlabanka 276 m.kr. og ýmsum innlendum aðilum 134 m.kr.
- 2) Þar af voru 20 m.kr. endurlánaðar fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs og 22 m.kr. til sveitarfélaga.
- 3) Þar af voru 190 m.kr. endurlánaðar Þróunarfélagi Íslands hf. sem flokkast með fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs.
- 4) Að auki tók Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar 540 m.kr. erlent lán til langs tíma sem var ráðstafað til að greiða upp erlend skammtímalán veitunnar frá fyrri árum.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands.

Samkvæmt yfirlitinu nam lánsfjárráðstöfun þessara aðila alls 18.399 m.kr. á árinu 1986, þar af var aflað 6.843 m.kr. innanlands og 11.556 m.kr. erlendis. Í töflum 9 og 10 í töfluviðaukanum eru sýndar lántökuheimildir samanborið við raunverulegar lántökur sömu aðila. Þar kemur meðal annars fram að lántökuheimildir opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja námu alls 17.574 m.kr. á árinu 1986, þar af námu heimildir til innlendarar lántöku 6.270 m.kr. og til erlendarar lántöku 11.304 m.kr.

Hér á eftir verður fjallað um lántökur ársins og þær skoðaðar með hliðsjón af gildandi lántökuheimildum. Heimildir til lántöku á árinu 1986 eru í höfuðdráttum tvíþættar. Í fyrsta lagi eru heimildir samkvæmt lánsfjárlögum ársins, en þau hlutu afgreiðslu á Alþingi í desember 1985 og voru endurskoðuð með lögum nr. 3/1986. Í öðru lagi eru nokkur tilvik þar sem lántökuheimildir eiga stöð í sérlögum. Töflur 9 og 10 í töfluviðauka gefa yfirlit um lántökuheimildir samanborið við lántökur ársins 1986. Að auki sýna töflur 11—13 í viðaukanum greiðsluyfirlit húsbýggingarsjóðanna og Framkvæmdasjóðs Íslands á árinu 1986.

3.1 Lánsfjáröflun.

Innlend lánsfjáröflun. Við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1986 var ráðgert að afla 4.260 m.kr. innanlands fyrir ríkissjóð, húsbýggingarsjóði og lánastofnanir. Þar af var sala spariskírteina ríkissjóðs áformuð 2.100 m.kr., skuldabréfakaup lífeyrissjóða af íbúðalánsjóðunum 1.530 m.kr. og af Framkvæmdasjóði 200 m.kr. Þá var ráðgert að afla Framkvæmdasjóði 380 m.kr. með verðbréfasölu til bankakerfisins og 50 m.kr. með öðrum hætti.

Í kjölfar almennra kjarasamninga í ársbyrjun og efnahagsráðstafana, sem þeim fylgdu, urðu allveruleg umskipti varðandi innlenda lánsfjáröflun opinberra aðila. Fólust þær breytingar einkum í auknum skuldabréfakaupum lífeyrissjóða af byggingarsjóðunum. Þá var og leitað til lífeyrissjóða og bankakerfis til að fjármagna aukinn halla ríkissjóðs vegna aðgerðanna og til að fyrirbyggja auknar erlendar lántökur.

Innlend lánsfjáröflun jókst í 6.035 m.kr. eða um 1.775 m.kr., þar af runnu 300 m.kr. til húsbýggingarsjóðanna og 1.475 m.kr. til ríkissjóðs. Eftirfarandi yfirlit sýnir samanburð áætlana ársins við útkomu einstakra þátta innlendu lánsfjáröflunarinnar á árinu 1986 (í m.kr.):

Yfirlit X

Innlend lánsfjáröflun 1986

	Lánsfjár- áætlun 1986	Lánsfjáráætlun, sbr. lög nr. 3/1986	Útkoma 1986
1. Ríkissjóður	2.100	3.575	3.893
Sala spariskírteina	2.100	2.100	2.127
Seðlabanki Íslands	—	—	276
Verðbréfakaup bankakerfis	—	850	574
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	—	625	782
Önnur innlend lánsfjáröflun	—	—	134
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	—	—	101
Sjóefnavinnslan hf.	—	—	101
3. Húsbýggingarsjóðir	1.530	1.830	2.332
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	1.530	1.830	2.207
Endurlánað lífeyrissjóðafé úr ríkissjóði	—	—	103
Skyldusparnaður, nettó	—	—	22
4. Lánastofnanir	630	630	517
Verðbréfakaup bankakerfis	380	380	315
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	200	200	202
Önnur innlend fjáröflun	50	50	—
5. Innlend lánsfjáröflun (1+...+4)	4.260	6.035	6.843

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Yfirlitið sýnir að innlend lánsfjáröflun reyndist 6.843 m.kr. og er það nokkru hærra en að var stefnt. Munar þar mest um meiri skuldabréfakaup lífeyrissjóða.

Ríkissjóður: Ekki er ástæða til að ræða innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs hér enda eru henni gerð skil í kafla 2.3, þar sem fjallað er um lánsfjárbörf ríkissjóðs á árinu 1986.

Húsbýggingarsjóðir: Innlend lánsfjáröflun reyndist 502 m.kr. hærra en ráðgert var og skýrist sú hækkun að mestu af auknum skuldabréfakaupum lífeyrissjóða. Með lögum nr. 54/1986, sem tóku gildi 1. september 1986, var breytt eldri lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Veigamesta breytingin felst í því að nú eru lánveitingar til einstaklinga tengdar

skuldabréfakaupum hlutaðeigandi lífeyrissjóðs af stofnuninni. Þannig fær einstaklingur hámarkslán að því tilskildu að lífeyrissjóður hans kaupi skuldabréf af Húsnæðisstofnun fyrir a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé sínu. Að öðrum kosti fær lánþeginn skerta lánsfjárhæð í samræmi við ákvæði laganna. Hið nýja fyrirkomulag skýrir hin miklu verðbréfakaup lífeyrissjóðanna af íbúðalánasjóðunum á árinu 1986. Að lokum reyndist skyldusparnaður ungmenna jákvæður um 22 m.kr. og er það í fyrsta skipti um árabíl.

Lánastofnanir: Innlend lánsfjáröflun fjárfestingalánasjóða reyndist 113 m.kr. lægri en að var stefnt í áætlun ársins. Þar af voru 65 m.kr. vegna minni verðbréfakaupa bankakerfis af Framkvæmdasjóði og ekki tókst að afla sjóðnum 50 m.kr. innanlands með sérstakri fjáröflun. Heildarkaup lífeyrissjóða á skuldabréfum af lánastofnunum reyndust nokkurn veginn eftir áætlun. Hins vegar var í áætluninni miðað við að afla Framkvæmdasjóði 160 m.kr. og Stofnlánadeild landbúnaðarins 40 m.kr. með þessum hætti. Útkoman varð hins vegar sú að skuldabréfakaup lífeyrissjóða af Framkvæmdasjóði námu aðeins 9 m.kr. og af Stofnlánadeild landbúnaðarins 193 m.kr. Framkvæmdasjóði gekk erfiðlega að selja bréf til lífeyrissjóða vegna nýju laganna um húsbýggingarsjóðina, sem í raun þvinguðu þá til að beina kaupum sínum þangað.

Erlendar lántökur. Erlend lán sem ráðstafað var innanlands á árinu 1986 námu alls 11.556 m.kr. Að auki nam erlend lántaka Framkvæmdasjóðs, sem stóð ónotuð á gengisbundnum reikningum í Seðlabanka í árslok, um 366 m.kr. Innkomin löng erlend lán námu því alls 11.922 m.kr.

Afborganir af löngum erlendum lánnum námu alls 5.940 m.kr. á árinu 1986 og skiptust þær þannig að opinberir aðilar greiddu 2.680 m.kr., lánastofnanir 600 m.kr. og einkaaðilar 2.660 m.kr. Innkomin löng erlend lán alls umfram erlendar afborganir námu því 5.482 m.kr. Jafnframt var skuldbreytt 540 m.kr. erlendum skammtímalánum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar í erlend langtímalán. Sú lántaka hefur engin áhrif á hreina skuldastöðu þjóðarbúsins út á við.

Skipta má íslenskum lántakendum á erlendum lánsfjármörkuðum í þrjá flokka, þ.e. Seðlabanka Íslands fyrir hönd ríkissjóðs, Framkvæmdasjóð Íslands og beinar lántökur hinna ýmsu aðila.

Seðlabanki Íslands annast lántökur fyrir hönd ríkissjóðs erlendis. Því fé, sem aflast, er ýmist ráðstafað til eigin þarfa ríkissjóðs eða endurlánað, einkum til ríkisaðila, í samræmi við heimildir í lánsfjárlögum eða sérlögum.

Framkvæmdasjóður Íslands annast að stórum hluta erlenda lánsfjáröflun fjárfestingalánasjóðanna og endurlánar þeim í samræmi við lánsfjáráætlun.

Beinar lántökur eiga við þá aðila sem sækja beint á erlendan lánsfjármarkað, e.t.v. fyrir milligöngu þriðja aðila eins og viðskiptabanka. Eftirfarandi yfirlit sýnir þann farveg sem erlendar lántökur runnu um til ráðstöfunar innanlands á árinu 1986 (í m.kr.):

Lánotendur	Upprunalegur lántaki			
	Ríkissjóður A-hluti	Framkvæmda- sjóður Íslands	Aðrir	Samtals
1. Opnberir aðilar	5.000	190	652	5.842
Ríkissjóður, A-hluti	3.998	—	—	3.998
Ríkissjóður, B-hluti	960	—	—	960
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	20	190	530	740
Sveitarfélög	22	—	122	144
2. Lánastofnanir	—	782	431	1.213
Iðnþróunarsjóður	—	—	93	93
Byggðastofnun	—	— ¹⁾	338	338
Aðrir fjárfestingalánasjóðir	—	782	—	782
3. Atvinnufyrirtæki	4	388	4.109	4.501
4. Erlendar lántökur (1+2+3)	5.004	1.360²⁾	5.192	11.556

1) Byggðastofnun fékk að auki 100 m.kr. lán hjá Framkvæmdasjóði út á lánsloforð frá árinu 1985. Þetta fé var tekið af eigin ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs.

2) Óráðstöfuð lántaka Framkvæmdasjóðs á gengisbundnum reikningi í Seðlabanka nam um 366 m.kr. í árslok 1986.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Erlend lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs nam alls 5.004 m.kr. 1986 eða um 43,3% af erlendu lánsfé sem var ráðstafað innanlands á árinu 1986. Lánsféð rann að stærstum hluta til eigin þarfa ríkissjóðs eða 3.998 m.kr. og 1.006 m.kr. voru endurlánaðar B-hluta fyrirtækjum og sjóðum, sveitarfélögum og fyrirtækjum eins og yfirlitið sýnir.

Innkomin erlend lántaka Framkvæmdasjóðs nam alls 1.666 m.kr. á árinu 1986, þar af voru 1.360 m.kr. endurlánaðar fjárfestingalánasjóðum og fyrirtækjum eða um 11,8% af erlendu lánsfjárráðstöfuninni.

Að lokum námu beinar lántökur ánnarra alls 5.192 m.kr. eða um 44,9% af erlendu lánsfjárráðstöfuninni á árinu 1986. Hér er um að ræða eftirtalda aðila:

1. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs alls 530 m.kr. og er það lántaka Landsvirkjunar til framkvæmda.
2. Hitaveitur alls 122 m.kr. og er þar um að ræða 60 m.kr. erlendar lántökur Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og 62 m.kr. hjá Hitaveitu Akureyrar.
3. Lánastofnanir alls 431 m.kr., þar af nam lántaka Byggðastofnunar 338 m.kr. fyrir milligöngu Búnaðarbankans og 93 m.kr. lántaka Iðnþróunarsjóðs hjá Norræna fjárfestingarbankanum.
4. Atvinnufyrirtæki samtals 4.109 m.kr. og er hér einkum um að ræða aðila sem hafa fengið heimild langlánanefndar til erlendra lántöku.

Framangreindar tölur lýsa ráðstöfun innkominna erlendra lána á árinu 1986. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir ýmsum erlendum lánssamningum sem opinberir aðilar og fjárfestingalánasjóðir áttu aðild að á árinu 1986.

Síðla árs 1985 hóf ríkissjóður útgáfu skammtímaskuldabréfa (Euro Commercial Paper) á erlendum lánamarkaði og námu útistandandi skuldabréf 55 milljónum dollara í lok ársins. Snemma árs 1986 var hámarksfjárhæð samningsins hækkuð úr 60 í 100 milljónir dollara. Frá vormánuðum og fram undir áramót voru að jafnaði útistandandi tæpar 100 milljónir dollara.

Á síðustu vikum ársins versnuðu markaðsaðstæður til muna og í lok árs 1986 nam skuldin 78 milljónum dollara. Ávöxtun þessara skuldabréfa hefur að jafnaði verið 0,03-0,04% undir millibankavöxtum í London (LIBOR).

Seint í apríl 1986 fór fram skuldabréfaútböð fyrir hönd ríkissjóðs í gjaldmiðilseiningunni ECU að fjárhæð 50 milljónir ECU. Skuldabréfin eru til 10 ára með 6⁷/₈% ársvöxtum og endurgreiðast í einu lagi. Lántakan fór fram um það leyti sem vextir á ECU-lánum voru í lágmarki.

Á fyrri hluta ársins 1986 var samið um breytingar á 75 milljón dollara veltiláni ríkissjóðs frá 1982. Lán þetta er nokkurs konar viðbúnaðarlán, m.a. sem baktrygging við skammtímaskuldabréfaútgáfu ríkissjóðs. Lánsamningurinn er til 7 ára og fer endurgreiðsla fram síðustu tvö árin. Í lok ársins voru 63 milljónir dollara útistandandi af þessum samningi og var það allt tekið á árinu 1986.

Þá var á seinni hluta ársins samið um breytingar á 90 milljón dollara veltilánsamningi ríkissjóðs frá 1984. Þetta lán gegnir sama hlutverki og veltilánið frá 1982. Lánsamningurinn er til 10 ára og endurgreiðsla fer fram í einu lagi í lok lánstímans. Í árslok 1986 var útistandandi skuld á þessum samningi um 20 milljónir dollara, en hún var 15 milljónir dollara í árslok 1985.

Ríkissjóður sagði upp tveimur erlendum lánsamningum á árinu 1986 og voru það lán í Evrópureikningseiningum (EUA) frá árunum 1973 og 1974. Eftirstöðvar þeirra námu jafnvirði tæplega 20 milljóna dollara og voru þær greiddar upp.

Í maímánuði samdi Landsvirkjun um nýtt 100 milljón dollara veltilán til 10 ára. Verulegum hluta af andvirði lánsins var ráðstafað til að greiða upp eldri og óhagstæðari lán. Útistandandi eftirstöðvar í lok fimmta árs lánstímans greiðast með jöfnum hálfárslegum greiðslum seinni fimm árin.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar tók 14 milljón dollara lán til 10 ára í júní 1986. Vextir af láninu eru millibankavextir í London að viðbættu ¼% álagi. Andvirðinu var ráðstafað til endurgreiðslu á erlendum skammtímaskuldum veitunnar eins og fyrr segir.

Á haustmánuðum samdi Framkvæmdasjóður um 90 milljón dollara veltilán til 10 ára. Lánið endurgreiðist með sama hætti og lán Landsvirkjunar. Sjóðurinn dró 75 milljónir dollara á lánið á árinu 1986, þar af gengu 33 milljónir dollara til að greiða upp eldri og óhagstæðari lán. Afgangnum eða 42 milljónum dollara var ráðstafað þannig að rúmar 33 milljónir voru endurlánaðar til ýmissa aðila innanlands og tæpum 9 milljónum var óráðstafað á gengisbundnum reikningi í Seðlabanka í árslok.

Á seinni hluta ársins tók Búnaðarbankinn 11 milljón dollara lán til 6 ára. Vextir af láninu eru millibankavextir í London að viðbættu ¼% álagi. Lánið er afborgunarlaust fyrstu tvö árin en endurgreiðist síðan með jöfnum hálfárslegum afborgunum. Andvirði lánsins var endurlánað innanlands, þar af runnu um 8 milljónir dollara til Byggðastofnunar.

3.2 Lánsfjárráðstöfun.

Innlendar og erlendar lántökuheimildir opinberra aðila, lánastofnana og atvinnufyrirtækja námu alls 17.574 m.kr. á árinu 1986. Eins og fram hefur komið eru bráðabirgðatölur um lánsfjárráðstöfunina nokkru hærri en heimildirnar eða um 825 m.kr.

Ríkissjóður, A-hluti. Ekki er ástæða til að hafa mörg orð um lánsfjárráðstöfun A-hluta ríkissjóðs, enda hefur hún fengið ítarlega umfjöllun hér að framan. Rétt er þó að taka fram að lántökur ríkissjóðs reyndust 226 m.kr. umfram lántökuheimildir á árinu 1986, þar af voru 184 m.kr. innlent fé en 42 m.kr. erlent lánsfé.

Ríkissjóður, B-hluti. Lánsfjárráðstöfun B-hluta fyrirtækja og sjóða nam alls 960 m.kr. á árinu 1986 og var það í fullu samræmi við lántökuheimildir. Lántökurnar, sem fóru fram fyrir milligöngu A-hluta ríkissjóðs, skiptust þannig að 400 m.kr. runnu til Lánasjóðs íslenskra námsmanna, 300 m.kr. til flugstöðvarbyggingar í Keflavík, 150 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins, 90 m.kr. til almennra framkvæmda RARIK og 20 m.kr. til Orkusjóðs.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. Lántökur þessara fyrirtækja reyndust alls 841 m.kr., þar af voru 740 m.kr. erlent lánsfé að uppruna og 101 m.kr. innlent. Lántökuheimildir þessara fyrirtækja á árinu 1986 námu alls 851 m.kr. Frávikin, 10 m.kr., skýrast af því að Landsvirkjun nýtti ekki lántökuheimild sína að fullu.

Lántökur Landsvirkjunar til raforkuframkvæmda, um 530 m.kr., vega langþingst í lántökum þessara fyrirtækja. Þá nam lántaka Próunarfélags Íslands hf. 190 m.kr., í samræmi við lántökuheimild félagsins, og var þess fjár aflað erlendis fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs Íslands. Þá nam lántökuheimild Orkubús Vestfjarða 20 m.kr. og var það endurlánað erlent fé fyrir milligöngu ríkissjóðs. Loks lánaði ríkissjóður 101 m.kr. til Sjóefnavinnslunnar hf. með heimild fjármálaráðherra.

Sveitarfélög. Erlendar lántökur sveitarfélaga námu alls 684 m.kr. Þar af voru um 540 m.kr. vegna skuldbreytinga erlendra skammtímalána Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Innkomin erlend lán til sveitarfélaga námu því alls 144 m.kr. og er það 29 m.kr. lægri fjárhæð en gildandi lántökuheimildir.

Húsbyggingarsjóðir. Heildarlántökur íbúðalánasjóðanna námu 2.482 m.kr. á árinu 1986. Þar af runnu 1.902 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins og 580 m.kr. til Byggingarsjóðs verkamanna. Tölur 11 og 12 í töfluviðauka sýna greiðslufirlit sjóðanna á árinu 1986.

Lántökur Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1986 námu alls 1.902 m.kr. og skiptust þær þannig: Skuldabréfakaup lífeyrissjóða 1.730 m.kr., erlent lán úr ríkissjóði 150 m.kr. og innstreymi umfram ústreymi á skyldusparnaði ungmenna 22 m.kr. Framlag ríkissjóðs nam 837 m.kr. á árinu 1986 og er það 463 m.kr. lægri fjárhæð en sjóðnum var ætlað í fjárlögum. Í ljósi góðrar greiðslustöðu Byggingarsjóðs ríkisins var ákveðið að fresta greiðslu framlagsins fram á árið 1987. Innheimta umfram greiðslur afborgana og vaxta með verðbótum nam 141 m.kr. Þá námu rekstrarútgjöld sjóðsins 118 m.kr. á móti 51 m.kr. tekjum. Lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins námu 2.844 m.kr. á árinu 1986, en í töflu 11 í töfluviðauka kemur fram sundurliðun á lánveitingum sjóðsins eftir verkefnum. Að lokum versnaði sjóðsstaðan á árinu um 31 m.kr. eða úr 126 m.kr. sjóðseign í ársbyrjun í 95 m.kr. í árslok.

Byggingarsjóður verkamanna aflaði 580 m.kr. lánsfjár innanlands á árinu 1986 með sölu skuldabréfa til lífeyrissjóða. Framlag ríkissjóðs nam 300 m.kr. í samræmi við fjárlög ársins. Að auki námu framlög sveitarfélaga 68 m.kr. og frá kaupendum eldri íbúða komu 38 m.kr. Þá námu verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör alls 85 m.kr. Greiðsla vaxta og afborgana sjóðsins af áhvílandi skuldum nam 64 m.kr. umfram innheimtu hans af veittum lánnum. Rekstrarkostnaður o.fl., nettó nam 32 m.kr. og lánveitingar 941 m.kr., þar af runnu 219 m.kr. til endursöluíbúða og 722 m.kr. til verkamannabústaða og leiguíbúða. Að lokum batnaði sjóðsstaðan um 35 m.kr. eða úr 121 m.kr. sjóðseign í ársbyrjun í 156 m.kr. í árslok.

Lánastofnanir. Lánsfjárráðstöfun lánastofnana nam alls 2.308 m.kr., þar af var aflað 517 m.kr. innanlands og 1.791 m.kr. erlendis. Lánsfjárráðstöfunin skiptist þannig að 1.684 m.kr. fóru um Framkvæmdasjóð, 338 m.kr. um Bygðastofnun, 193 m.kr. um Stofnlánadeild og 93 m.kr. um Iðnþróunarsjóð.

Framangreindar niðurstöður gefa til kynna að um 73% af lánsfjárráðstöfun lánastofnana fór um Framkvæmdasjóð á árinu 1986. Í töflu 13 í töfluviðauka er sýnt greiðslufirlit sjóðsins. Þar kemur m.a. fram sundurliðun á lánveitingum sjóðsins á árinu 1986 sem námu alls 2.827 m.kr. og er það 525 m.kr. hærri fjárhæð en Framkvæmdasjóði var ætlað í lánsfjárlögum, sbr. lög nr. 3/1986. Til samanburðar hafði sjóðurinn milligöngu um 190 m.kr. erlenda lántöku fyrir Próunarfélag Íslands hf. sem áætlað var fyrir. Mismunurinn skýrist meðal annars af endurlánnum sjóðsins á erlendu lánsfé til nokkurra atvinnufyrirtækja.

Þá var Byggðastofnun veitt 100 m.kr. lán og Fiskimálasjóði 13 m.kr. út á lánsloforð frá árinu 1985. Bankainnstæður Framkvæmdasjóðs námu alls 1.026 m.kr. í ársbyrjun 1986, þar af voru 72 m.kr. í ýmsum lánastofnunum, 78 m.kr. á innlendum reikningum í Seðlabanka og 876 m.kr. á gengisbundnum reikningum eða um 17,1 milljón dollara og 738 milljónir yena. Af viðbótinni átti Framkvæmdasjóður alls 798 m.kr. á bankareikningum í árslok, þar af voru 105 m.kr. í ýmsum lánastofnunum, 31 m.kr. á innlendum reikningum í Seðlabanka og um 662 m.kr. á gengisbundnum reikningum.

Ekki er ástæða til að fjölyrða um lántökur annarra fjárfestingalánasjóða á árinu 1986 að öðru leyti en því að Iðnþróunarsjóður og Byggðastofnun öfluðu síns lánsfjár erlendis alls 431 m.kr. og var það í samræmi við lántökuheimildir. Þá hafði Útflutningslánasjóður heimild til 40 m.kr. lántöku erlendis á árinu 1986 sem ekki var þörf á að nýta og við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1987 fékk sjóðurinn heimildina flutta yfir á það ár. Að lokum aflaði Stofnlánadeild landbúnaðarins 193 m.kr. innanlands með sölu skuldabréfa til Lífeyrissjóðs bænda og er það verulega hærri fjárhæð en ráðgert var í lánsfjáráætlun 1986.

Atvinnufyrirtæki. Lánsfjáráætlun miðaði við að erlend lánsfjárráðstöfun atvinnufyrirtækja yrði um 2.850 m.kr. á árinu 1986. Bráðabirgðatölur um erlenda lánsfjárráðstöfun atvinnufyrirtækja gefa til kynna að hún hafi orðið 4.109 m.kr. Þessar lántökur skiptust þannig eftir verkefnum: Endurbætur á skipum 836 m.kr., innlend skipasmíði 109 m.kr., flugvélar 189 m.kr., fiskeldi 315 m.kr., vélar og tæki 1.227 m.kr., fiskiskip 64 m.kr. og annað 1.369 m.kr.

Töfluviðauki

- Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1985 og 1986. Greiðslugrunnur.
- Tafla 2. Innheimtar tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1982–1986, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu.
- Tafla 3. Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1985 og 1986. Greiðslugrunnur.
- Tafla 4. Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1982–1986, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.
- Tafla 5. Afkoma ríkissjóðs, A-hluta, 1982–1986. Greiðslugrunnur.
- Tafla 6. Skuldir ríkissjóðs, A-hluta, 1977–1986 samkvæmt ríkisreikningi.
- Tafla 7. Veitt og tekin lán A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1981–1985.
- Tafla 8. Úr efnahagsreikningi A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1981–1985.
- Tafla 9. Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1986.
- Tafla 10. Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila, fjárfestingalánasjóða og atvinnufyrirtækja 1986. Bráðabirgðatölur.
- Tafla 11. Byggingarsjóður ríkisins 1986.
- Tafla 12. Byggingarsjóður verkamanna 1986.
- Tafla 13. Framkvæmdasjóður Íslands 1986.

Tafla 1

Tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1985 og 1986. Greiðslugrunnur.
(Í milljónum króna.)

	Innheimt 1985	Innheimt 1986	Hækkun %	Fjárlög 1986
1 Beinir skattar	3.280	5.525	68	4.560
11 Tekju- og eignaskattar	2.989	5.118	71	4.180
12 Sjúkratryggingagjald	168	238	42	240
13 Erfðafjárskattur	67	80	19	45
14 Framkvæmdasjóður aldraðra	56	89	59	95
2 Óbeinir skattar	22.794	29.485	29	30.110
211 Aðflutningsgjöld	3.281	3.383	3	3.931
212 Innflutningsgjald af bifreiðum	132	337	155	175
213 Innflutningsgjald af bensíni	856	1.311	53	1.365
214 Bifreiðaskattur	424	663	56	675
215 Sölu- og orkujöfnunargjald	10.511	14.443	37	14.335
216 Launaskattur	1.233	1.520	23	1.640
217 Tryggingagjöld	786	1.163	48	1.104
218 Hagnaður ÁTVR	1.922	2.430	26	2.430
219 Stimpilgjöld o. fl.	759	1.010	33	929
220 Vörugjald	1.638	2.030	24	2.177
221 Verðjöfnunargjald á raforku	384	173	-55	440
222 Aðrir óbeinir skattar	868	1.022	18	909
3 Arðgreiðslur, vextir¹⁾ o. fl.	1.036	3.225	211	3.184
4 Tekjur samtals (1+2+3)	27.110	38.235	41	37.854

1) Vextir eru ekki samanburðarhæfir milli ára vegna breyttrar skilgreiningar á ríkissjóði frá og með 1986.

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 2**Innheimtar tekjur ríkissjóðs, A-hluta, 1982–1986 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.**

	1982	1983	1984	1985	1986
Verg landsframleiðsla (m. kr.)	36.924	62.656	81.716	111.023	147 165
1 Beinir skattar	4,0	3,9	3,6	3,0	3,8
11 Tekju- og eignarskattar	3,7	3,6	3,3	2,7	3,5
12 Sjúkratryggingagjald	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2
13 Erfðafjárskattur	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
14 Framkvæmdasjóður aldraðra					
2 Óbeinir skattar	21,4	19,4	20,7	20,5	20,0
211 Aðflutningsgjöld	3,7	3,1	3,5	3,0	2,3
212 Innflutningsgjald af bifreiðum	0,3	0,2	0,2	0,1	0,2
213 Innflutningsgjald af bensíni	0,8	0,8	0,8	0,8	0,9
214 Bifreiðaskattur	0,3	0,3	0,3	0,4	0,5
215 Sölu- og orkujöfnunargjald	9,1	8,9	9,4	9,4	9,8
216 Launaskattur	1,3	1,1	1,0	1,1	1,0
217 Tryggingagjöld	0,6	0,5	0,8	0,7	0,8
218 Hagnaður ÁTVR	1,6	1,1	1,4	1,7	1,6
219 Stimpilgjöld o. fl.	0,6	0,5	0,7	0,7	0,7
220 Vörugjald	2,1	1,9	1,6	1,5	1,4
221 Verðjöfnunargjald á raforku	0,3	0,4	0,5	0,3	0,1
222 Aðrir óbeinir skattar	0,7	0,6	0,5	0,8	0,7
3 Arðgreiðslur, vextir¹⁾ o. fl.	0,5	0,8	1,1	0,9	2,2
4 Tekjur sem hlutfall af VLF (1+2+3)	25,9	24,1	25,4	24,4	26,0

1) Vextir eru ekki samanburðarhæfir milli ára vegna breyttrar skilgreiningar á ríkissjóði frá og með 1986.

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 3

Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1985 og 1986. Greiðslugrunnur.
(Í milljónum króna.)

	Útgjöld 1985	Útgjöld 1986	Hækkun %	Fjárlög 1986
1 Almenn mál	2.950	3.791	29	3.154
11 Almenn þjónusta og löggæsla	2.664	3.410	28	2.819
12 Utanríkisþjónusta	286	381	33	335
2 Félagsmál	17.413	23.091	33	22.190
21 Mennta-, menningar- og kirkjumál	5.006	6.432	28	5.740
22 Heilbrigðismál	3.039	4.283	41	3.818
23 Velferðarmál	9.368	12.376	32	12.632
3 Atvinnumál	6.913	8.532	23	7.737
31 Niðurgreiðslur	1.013	1.343	33	870
32 Landbúnaður	1.327	1.649	24	1.344
33 Sjávarútvegur	939	1.197	27	1.122
34 Iðnaður og orkumál	1.154	1.359	18	1.370
35 Samgöngur	2.480	2.984	20	3.031
4 Ýmis mál	2.221	4.697	111	4.610
41 Vextir ¹⁾	1.608	3.916	144	3.807
42 Annað	613	781	27	803
5 Gjöld samtals (1+...+4)	29.497	40.111	36	37.691

1) Vextir eru ekki samanburðarhæfir milli ára vegna breyttrar skilgreiningar á ríkissjóði frá og með 1986.

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 4

Útgjöld ríkissjóðs, A-hluta, 1982–1986, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

	1982	1983	1984	1985	1986
Verg landsframleiðsla (m.kr.)	36.924	62.656	81.716	111.023	147.165
1 Almenn mál	2,6	2,7	2,4	2,7	2,6
11 Almenn þjónusta og löggæsla	2,3	2,4	2,1	2,4	2,3
12 Utanríkisþjónusta	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
2 Félagsmál	14,5	15,1	14,3	15,7	15,7
21 Mennta-, menningar- og kirkjumál	4,1	4,2	3,9	4,5	4,4
22 Heilbrigðismál	2,2	2,8	2,6	2,7	2,9
23 Velferðarmál	8,2	8,1	7,8	8,5	8,4
3 Atvinnumál	6,9	6,7	6,4	6,2	5,8
31 Niðurgreiðslur	2,2	1,6	1,0	0,9	0,9
32 Landbúnaður	1,1	1,1	1,1	1,2	1,1
33 Sjávarútvegur	0,3	0,4	0,5	0,9	0,8
34 Iðnaður og orkumál	0,8	1,1	1,3	1,0	0,9
35 Samgöngur	2,5	2,5	2,5	2,2	2,1
4 Ýmis mál	1,2	1,4	1,5	2,0	3,2
41 Vextir ¹⁾	0,6	0,8	0,9	1,4	2,7
42 Annað	0,6	0,6	0,6	0,6	0,5
5 Gjöld sem hlutfall af VLF (1+...+4)	25,2	25,9	24,6	26,6	27,3

1) Vextir eru ekki samanburðarhæfir milli ára vegna breyttrar skilgreiningar á ríkissjóði frá og með 1986.

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 5

Afkoma ríkissjóðs, A-hluta, 1982–1986. Greiðslugrunnur.
(Í milljónum króna.)

	1982	1983	1984	1985	1986
I Greiðsluafkoma:					
Jöfnuður gjalda, tekna og lána utan Seðlabanka					
Tekjur	9.562	15.100	20.747	27.110	38.235
Gjöld	-9.324	-16.263	-19.964	-29.497	-40.111
Tekjuafgangur/halli	+238	-1.163	+783	-2.387	-1.876
Lánahreyfingar utan Seðlabanka	-91	-97	-142	-34	+4.355
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfinu	+147	-1.260	+641	-2.421	+2.479
Jöfnuður greiðslufjárreikninga að meðtöldum lánareikningum við Seðlabanka					
Greiðsluhreyfing við Seðlabanka	+126	-1.260	+446	-2.478	+2.271
Sjóður og bankareikningar utan Seðlabanka	—	-3	+19	+57	—
Greiðsluhreyfing við bankakerfið	+126	-1.263	+465	-2.421	+2.271
Ýmsir viðskiptamenn	+21	+3	+176	—	+208
Greiðsluafkoma gagnvart bankakerfinu	+147	-1.260	+641	-2.421	+2.479
II Rekstrargrunnur:					
Tekjuafgangur/halli	+850	-1.434	+1.614	-1.871	... ¹⁾

1) Endanlegur ríkisreikningur fyrir árið 1986 liggur ekki fyrir.

Heimild: Ríkisbókhald, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 6

**Skuldir ríkissjóðs, A-hluta, 1977–1986 samkvæmt ríkisreikningi.
(Í milljónum króna.)**

Ár	Við Seðlabanka Íslands				Við aðra innlenda og erlenda aðila				Heildar- skuldir D+H
	A Stutt lán	B Löng lán	C Banka- reikn. ¹⁾	D Samtals A+B-C	E Yfir- dráttur	F Stutt lán	G Löng lán	H Samtals E+F+G	
Stöðutölur í árslok:									
1977	—	129	-23	152	—	12	193	205	357
1978	—	170	-103	273	3	37	322	362	635
1979	85	262	51	296	3	44	501	548	844
1980	40	306	15	331	6	72	845	923	1.254
1981	40	289	79	250	9	109	1.397	1.515	1.765
1982	49	199	43	205	20	168	3.265	3.453	3.658
1983	67	772	-701	1.540	29	287	7.666	7.982	9.522
1984	76	1.745	541	1.280	94	127	10.849	11.070	12.350
1985	1.572	2.008	-540	4.120	9	90	14.815	14.914	19.034
1986	—	1.649	-23	1.672
Breyting innan ársins:									
1978	—	+41	-80	+121	+3	+25	+129	+157	+278
1979	+85	+92	+154	+23	—	+7	+179	+186	+209
1980	-45	+44	-36	+35	+3	+28	+344	+375	+410
1981	—	-17	+64	-81	+3	+37	+552	+592	+511
1982	+9	-90	-36	-45	+11	+59	+1.868	+1.938	+1.893
1983	+18	+573	-744	+1.335	+9	+119	+4.401	+4.529	+5.864
1984	+9	+973	+1.242	-260	+65	-160	+3.183	+3.088	+2.828
1985	+1.496	+263	-1.081	+2.840	-85	-37	+3.966	+3.844	+6.684
1986	-1.572	+359	+517	-2.448 ²⁾

1) Hér er um nettstöðu bankareikninga í Seðlabanka að ræða, þ.e. bankainnstæður að frádrægnum yfirdrætti.

2) Innifalið er 379 m.kr. endurmat af skuld ríkissjóðs í Seðlabanka, þar af voru 105 m.kr. af stuttum lánum og 274 m.kr. af löngum lánum. Greiðsluhreyfingar ríkissjóðs gagnvart bankanum reyndust jákvæðar um 2.827 m.kr. á árinu 1986. Hrein skuldaáækkun ríkissjóðs í Seðlabanka reyndist því 2.448 á árinu 1986, þar af voru 517 m.kr. vegna bættar stöðu á hlaupareikningum og 1.931 m.kr. vegna lækkunar á lánaeikningum.

Að auki nemur spariskirteinaeign Seðlabanka um 500 m.kr. sem hann yfirtók frá viðskiptabönkum á árinu 1986, en er ekki meðtalin hér í skuldastöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka.

3) Stöðutölur í árslok 1986 liggja ekki fyrir þar sem endurmat á skuld ríkissjóðs gagnvart öðrum en Seðlabanka liggur ekki fyrir að svo stöddu.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 7

Veitt og tekin lán A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1981–1985.
(Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs.)

	1981	1982	1983	1984	1985
1. Tekin lán	4.999	10.190	18.941	26.913	37.570
Innlend lán	2.094	3.247	5.484	6.078	10.755
Innlend lán, gengisbundin	158	211	975	1.338	1.185
Erlend lán	2.747	6.732	12.482	19.497	25.630
2. Veitt lán	3.655	8.703	13.048	18.182	23.894
Lán tengd innlendu verðlagi	913	2.168	3.114	4.168	5.955
Gengisbundin lán	2.742	6.535	9.934	14.014	17.939
3. Tekin lán umfram veitt lán	1.344	1.487	5.893	8.731	13.676
Veitt lán í % af tekjum	73,1	85,4	68,9	67,6	63,6
4. Hlutfall af VLF:					
Tekin lán	20,9	27,6	30,2	33,0	33,8
Veitt lán	15,3	23,6	20,8	22,3	21,5
Tekin lán umfram veitt lán	5,6	4,0	9,4	10,7	12,3

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 8

Úr efnahagsreikningi A-hluta og Endurlána ríkissjóðs 1981–1985.
(Stöðutölur í árslok.)

	1981	1982	1983	1984	1985
Verðlag hvers árs:					
1. Sjóður og bankareikningar, nettóinneign	201	307	376	1.165	945
2. Tekin lán	4.999	10.190	18.941	26.913	37.570
Seðlabanki Íslands	401	278	915	1.897	3.650
Spariskírteini	1.131	1.912	3.310	3.244	5.165
Lífeyrissjóðir	85	198	454	669	1.004
Aðrir innlendir aðilar	635	1.070	1.780	1.606	2.121
Erlend lán	2.747	6.732	12.482	19.497	25.630
3. Veitt lán	3.655	8.703	13.048	18.182	23.894
4. Viðskiptareikningar, nettóinneign	370	1.206	2.101	3.232	5.102
5. Eignir umfram skuldir (1–2+3+4)	–773	+26	–3.416	–4.334	–7.629
Fast verðlag í árslok 1986:					
1. Sjóður og bankareikningar, nettóinneign	1.061	1.005	694	1.873	1.090
2. Tekin lán	26.399	33.361	34.936	43.274	43.331
Seðlabanki Íslands	2.118	910	1.688	3.050	4.210
Spariskírteini	5.973	6.260	6.105	5.216	5.957
Lífeyrissjóður	449	648	837	1.076	1.158
Aðrir innlendir aðilar	3.353	3.503	3.283	2.582	2.446
Erlend lán	14.506	22.040	23.023	31.350	29.560
3. Veitt lán	19.301	28.493	24.067	29.235	27.558
4. Viðskiptareikningar, nettóinneign	1.954	3.948	3.875	5.196	5.885
5. Eignir umfram skuldir (1–2+3+4)	–4.083	+85	–6.300	–6.970	–8.798

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 9

Lánsfjárráðstöfun opinberra aðila 1986.
(Milljónir króna.)

	Lánsfjár- lög 1986, sbr. lög nr. 3/1986	Aðrar lántöku- heimildir	Lántöku- heimildir alls 1986	Tekin lán 1986	Mismunur
1. Ríkissjóður, A-hluti	6.125	2.504¹⁾	8.629	8.855	-226
Par af endurlánað til B-hluta	960	—	960	960	—
Byggingarsjóður ríkisins	150	—	150	150	—
Lánasjóður íslenskra námsmanna .	400	—	400	400	—
RARÍK, almennar framkvæmdir .	90	—	90	90	—
Orkusjóður	20	—	20	20	—
Flugstöð á Keflavíkurlugvelli	300	—	300	300	—
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	560	291	750	841	+10
Landsvirkjun	540	—	540	530	+10 ²⁾
Orkubú Vestfjarða, framkvæmdir	20	—	20	20	—
Próunarfélagið hf.	—	190 ³⁾	190	190	—
Sjóefnavinnslan hf.	—	101 ⁴⁾	101	101	—
3. Sveitarfélög	130	43	173	165	+29
Hitaveita Akraness og Borgarfj.	60	—	60	60	—
Hitaveita Akureyrar	40	43 ³⁾	83	62	+21 ²⁾
Fjarhitun Vestmannaeyja	10	—	10	10	—
Hitaveita Egilsstaða og Fella	6	—	6	6	—
Hitaveita Reykjahlíðar	6	—	6	—	+6 ²⁾
Aðrar hitaveitur	8	—	8	6	+2 ²⁾
4. Ráðstöfun (1+2+3) = Fjáröflun (5+6)	6.815	2.838	9.653	9.840	-187
5. Innlend lánsfjáröflun	3.575	235	3.810	3.994	-184
Útgáfa spariskirteina	2.100	—	2.100	2.127	-27
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	625	—	625	782	-157
Verðbréfakaup bankakerfis	850	—	850	574	+276
Seðlabanki Íslands	—	—	—	276	-276
Önnur lánsfjáröflun	—	235	235	235	—
6. Erlendar lántökur	3.240	2.603	5.843	5.846	-3
Ríkissjóður, A- og B-hluti	2.550	2.370	4.920	4.962 ⁵⁾	-42
Fyrirtæki með eignaraðild ríkis- sjóðs	560	190	750	740	+10
Sveitarfélög	130	43	173	144	+29

- 1) Viðbótarheimildir A-hluta ríkissjóðs skiptast þannig: Heimild sbr. 31. gr. lánsfjárlaga 1986 til erlendar lántöku til að fjármagna greiðsluhalla ríkissjóðs 1985, heimild sbr. 38. gr. lánsfjárlaga 1987 vegna greiðsluhalla 1986.
- 2) Lántökuheimild ársins ekki nýtt að fullu og fellur niður.
- 3) Ónotuð heimild frá fyrra ári sem heimilað var að flytja yfir á árið 1986.
- 4) Fjármálaráðherra heimilaði að veita Sjóefnavinnslunni hf. 101 m.kr. af eigin fé Endurlána ríkissjóðs vegna skuldbreytinga fyrirtækisins.
- 5) Að auki annaðist ríkissjóður erlendar lántökur að fjárhæð alls 42 m.kr. og endurlánaði eftirtöldum aðilum: Orkubú Vestfjarða 20 m.kr., Fjarhitun Vestmannaeyja 10 m.kr., Hitaveita Egilsstaða og Fella 6 m.kr. og aðrar hitaveitur 6 m.kr.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 10

**Heildaryfirlit um lántökuheimildir og lánsfjárráðstöfun opinberra aðila,
fjárfestingalánasjóða og atvinnufyrirtækja 1986.
Bráðabirgðatölur.
(Í milljónum króna.)**

	Lánsfjárlög 1986 sbr. lög nr. 3/1986	Aðrar lántöku- heimildir	Lántöku- heimildir alls 1986	Tekin lán 1986	Mismunur
INNLEND FJÁRÖFLUN (1+...+4)	6.035	235	6.270	6.843	-573
1. Sala spariskírteina ríkissjóðs	2.100	—	2.100	2.127	+27
2. Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	2.655	—	2.655	3.294	-639
af ríkissjóði	625	—	625	782	-157
af Byggingarsjóði ríkisins	1.450	—	1.450	1.730	-280
af Byggingarsjóði verkamanna	380	—	380	580	-200
af Framkvæmdasjóði Íslands	160	—	160	9	+151
af Stofnlánadeild landbúnaðarins	40	—	40	193	-153
3. Verðbréfa kaup	1.230	—	1.230	1.165	+65
af ríkissjóði	850	—	850	574	+276
af Framkvæmdasjóði Íslands	380	—	380	315	+65
Seðlabanka af ríkissjóði	—	—	—	276	-276
4. Önnur innlend lánsfjáröflun	50	235	285	257	+28
Ríkissjóður	—	134	134	134	—
Byggingarsjóður ríkisins, skyldusparnaður, nettó	—	—	—	22	-22
Sjóðfnavinnslan hf.	—	101	101	101	—
Framkvæmdasjóður Íslands	50	—	50	—	+50
ERLENDAR LÁNTÖKUR (5+6+7)	7.442	3.862	11.304	11.556	-252
5. Opinberir aðilar	3.240	2.603	5.843	5.846	-3
Ríkissjóður	2.550	2.370	4.920	4.962	-42
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	560	190 ¹⁾	750	740	+10
Sveitarfélög	130	43	173	144	+29
6. Lánastofnanir	1.352	—	1.352	1.601	-249
Framkvæmdasjóður Íslands	882	—	882	1.170 ²⁾	-288
Byggðastofnun	335	—	335	338	-3 ⁴⁾
Iðnþróunarsjóður	95	—	95	93	+2 ⁴⁾
Útflutningslánasjóður	40	—	40	—	+40 ⁵⁾
7. Atvinnufyrirtæki	2.850	1.259	4.109	4.109	—
HEILDARLÁNSFJÁRRÁÐSTÖFUN (1+...+7)	13.477	4.097	17.574	18.399	-825

- Lántökuheimild Próunarfélags Íslands frá fyrra ári að fjárhæð 190 m.kr. og annaðist Framkvæmdasjóður lántökuna fyrir félagið erlendis.
- Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs fyrir Próunarfélag Íslands er ekki meðtalin hér heldur er hún færð beint á félagið undir fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs, sbr. athugasemd 1).
- Til viðbótar erlendum lántökuheimildum annaðist Framkvæmdasjóður erlendar lántökur að fjárhæð alls 288 m.kr. fyrir eftirtalda aðila: Álafoss hf. 120 m.kr., Hótel Örk 50 m.kr., S.Í.S. iðnaðardeild 50 m.kr., Fjallalax hf. 40 m.kr. og Dráttarbraut Stálvíkur hf. 28 m.kr.
- Mismunur orsakast af gengismun.
- Lántökuheimild var ekki nýtt á árinu 1986 og fékkst flutt á árið 1987, sbr. 10 gr. lánsfjárlaga 1987.

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 11

Byggingarsjóður ríkisins 1986.
(Í milljónum króna.)

	Lánsfjár- áætlun 1986	Lánsfjáráætlun, sbr. lög nr. 3/1986	Útkoma 1986
Innstreymi	3.666	3.966	3.906
Ríkissjóður	1.300	1.300	837
Endurlánað lífeyrissjóðafé úr ríkissjóði	—	—	103
Lífeyrissjóðir	1.150	1.450	1.627
Erlend lán	150	150	150
Skyldusparnaður, nettó	-50	-50	22
Afborganir, vextir, verðbætur	926	926	1.085
Tekjur tæknideildar	58	58	36
Sjóðsminnkun	120	120	31
Annað	12	12	15
Útstreymi	3.666	3.966	3.906
Rekstrarkostnaður o. fl.	75	75	118
Afborganir, vextir, verðbætur	1.981	1.091	944
Veitt lán	2.500	2.800	2.844
Nýbyggingar	1.167
Eldri íbúðir	776
Framkvæmdalán til byggingarsamvinnufél. o.fl.	148
Orkusparandi breytingar	34
Viðbyggingar og endurbætur	91
Lán vegna greiðsluerfiðleika	540
Önnur lán	88

Heimild: Húsnæðisstofnun ríkisins, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Tafla 12

Byggingarsjóður verkamanna 1986.
(Í milljónum króna.)

	Lánsfjár- áætlun 1986	Lánsfjáráætlun, sbr. lög nr. 3/1986	Útkoma 1986
Innstreymi	938	938	1.190
Ríkissjóður	300	300	300
Framlag sveitarfélaga	90	90	68
Lífeyrissjóðir	380	380	580
Afborganir, vextir, verðbætur	93	93	118
Kaupendur eldri íbúða	30	30	38
Sjóðsminnkun	45	45	—
Verðbætur á framkvæmdalán við uppgjör	—	—	85
Annað	—	—	1
Útstreymi	938	938	1.190
Rekstrarkostnaður o. fl.	20	20	32
Afborganir, vextir, verðbætur	158	158	182
Sjóðshækkun	—	—	35
Veitt lán	760	760	941
Verkmannabústaðir og leiguíbúðir	—	—	722
Endursólubúðir	—	—	219

Heimild: Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Húsnæðisstofnun ríkisins.

Tafla 13

Framkvæmdasjóður Íslands 1986.
(Í milljónum króna.)

	Lánsfjár- áætlun 1986	Lánsfjáraætlun, sbr. lög nr. 3/1986	Útkoma 1986
Fjáröflun	2.402	2.302	3.193
Eigið ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs	330	830	1.143
Lán frá innlendum bönkum	380	380	315
Lán frá lífeyrissjóðum	160	160	9
Önnur innlend lán	50	50	—
Erlend lán	1.482	882	1.666 ¹⁾
Ráðstöfun	2.402	2.302	3.193
Aukning á gengisbundnum reikningum í Seðla- banka	—	—	366
Veitt lán	2.402	2.302	2.827
Stofnlánadeild landbúnaðarins	325	311	312
Fiskveiðasjóður vegna greiðsluhalla	540	517	770 ²⁾
Fiskveiðasjóður vegna almennra útlána	370	355	
Iðnlánasjóður	575	551	550
Lánasjóður sveitarfélaga	20	19	19
Ferðamálasjóður	60	58	60
Verslunarlánasjóður	20	19	19
Stofnlánadeild samvinnufélaga	20	19	19
Landflutningasjóður	8	7	11
Lán til bættis aðbúnaðar á vinnustöðum	14	13	13
Fiskeldi	250	241	245
Skipaviðgerðir innanlands	200	192	192
Byggðastofnun	—	—	100
Fiskimálasjóður	—	—	13
Hótel Örk	—	—	50
S.Í.S., iðnaðardeild	—	—	80
Álafoss hf.	—	—	120
Dráttarbraut Stárvíkur hf.	—	—	26
Próunarfélag Íslands hf.	—	—	190
Ýmsar lánveitingar	—	—	38

- 1) Til viðbótar heimilaðri erlendri lántöku Framkvæmdasjóðs skv. lánsfjárlögum, sbr. lög nr. 3/1986, annaðist sjóðurinn erlendar lántökur að fjárhæð alls 478 m.kr. fyrir eftirtalda aðila:
Próunarfélag Íslands hf., 190 m.kr., Hótel Örk 50 m.kr., Dráttarbraut Stárvíkur hf. 28 m.kr., Fjallalax hf. 40 m.kr., S.Í.S., iðnaðardeild 50 m.kr. og Álafoss hf. 120 m.kr.
- 2) Ófrágengin lán til Fiskveiðasjóðs vegna áætlaðra lánveitinga námu 100 m.kr. og 50 m.kr. (Sjávarútvegssjóður) frá 1985.

Heimild: Framkvæmdasjóður Íslands, Fjárlaga- og hagsýslustofnun.